



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skaftárhreppur-Kirkjubæjarklaustri
Oddur B. Thorarensen,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur

Rvík, 20. september 2007

Tilvísun: UST20070800110/sf

Breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Lakagígisvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps dags. 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. Í greinargerð á skipulagsupprætti kemur fram að breytingarnar eru til komnar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Skaftafellsþjóðgarði við Lakagíga. Markmið þeirra er að tryggja verndun svæðisins og á sama tíma bæta aðgengi og þjónustu við ferðamenn.

Breytingarnar á aðalskipulagi Skaftárhrepps taka til eftirfarandi þátta:

1. Núverandi verslunar- og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði.
2. Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði (V11) á Galta. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða og snyrtiaðstaða, en engin gisting.
3. Nýr tengivegur er skilgreindur frá Galta að slóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi slóða sem liggur að Miklafelli.
4. Ný reiðleið fylgir tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn.
5. Nýjar gönguleiðir eru skilgreindar frá þjónustuhúsi á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg.
6. Gönguleið sem þverar Skaftá er færð frá kláf sunnan við Sveinstind suður fyrir Uxatinda með göngubrú sem tengist betur gönguleiðum vestan Skaftár. Gert er ráð fyrir nýrri gönguleið frá Hrossatungum að Blágiljum.

Haft hefur verið samráð við starfsmenn Umhverfisstofnunar um þær tillögur og breytingar sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir. Stofnunin vill þó koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps er fjallað um núverandi aðstöðu í Blágili og kemur m.a. fram að ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu þar heldur skal stuðlað að slíkri uppbyggingu í byggð. Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að fyrirsjáanlegt er að í framtíðinni verði þörf á að 2-3 landverðir

verði starfandi á Lakagígasvæðinu. Því þarf að gera ráð fyrir þeim möguleika að byggð verði upp aðstaða landvarða í Blágili.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í skipulagi fyrir Lakagígasvæðið verði settar reglur um hestaumferð þar sem svæðið er viðkvæmt fyrir raski og að gert verði ráð fyrir því að hafa hesta í taumi í gegnum það svæði sem verður hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.


Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýjum tengivegi frá Laufbala við Miklafell að núverandi vegi að Laka við Galta. Vegurinn mun liggja um jökulöldu á tiltölulega sléttu landi. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að vegurinn verði rudd leið án uppbyggingar og að efnistaka til að hylja ræsi verði úr vegstæði.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðið verði þannig að veglagningunni að hún hafi sem minnst umhverfisáhrif í för með sér og að vegurinn falli vel að landinu. Stofnunin vekur athygli á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum meðal þeirra framkvæmda sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Það kemur ekki fram í skipulagstillögunni.

Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að þjónustumiðstöð verði staðsett á Galta í stað Blágilja samkvæmt núgildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í skipulagi verði gert ráð fyrir að hönnun þjónustumiðstöðvar miðist við hún verði lágreist og og skeri sig eins lítið úr umhverfinu og mögulegt er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framangreindar breytingar á aðalskipulag Skaftárhrepps.

Virðingarfyllt


Sigríós Friðriksdóttir
staðgengill forstöðumanns


Kristín S. Jónsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun.
Landmótun, b.t. Yngva Þórs Loftssonar.